

SOLID CLOUDS

HLUTHAFAFUNDUR 1. APRÍL 2026

Stjórn Solid Clouds hf., kt. 600913-2550, boðar hér með til hluthafafundar miðvikudaginn 1. apríl 2026, kl. 16:00 í höfuðstöðvum félagsins, Vegmúla 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá hluthafafundar:

- 1. Skýrsla stjórnar um fjárhagsstöðu félagsins*
- 2. Tillaga um samþykki björgunarfjármögnunar*
- 3. Tillaga um 80% lækkun hlutafjár til jöfnunar taps*
- 4. Tillaga um að félagið gefi út skuldabréf með breytirétti og heimild stjórnar til að hækka hlutafé til að mæta skuldbindingum samkvæmt breytanlegum skuldabréfum*
- 5. Tillaga um að fella brott núverandi ákvæði 4. – 9. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins*

Dagskrá fundarins og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, verða lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins einni viku fyrir fundinn og verða samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Gögnin verða einnig aðgengileg á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/egm2026>.

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthöfum gefst kostur á að láta umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmann verða þó að framvísa umboði í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um nr. 2/1995, um hlutafélög.

Hluthafar og umboðsmenn þeirra geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 15:00 á fundardegi. Einnig er unnt að forskrá sig til kl. 14:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu á netfangið investors@solidclouds.com. Umboðsmenn sem hyggjast skrá sig með tölvupósti þurfa að framvísa útfylltu og undirrituðu umboðseyðublaði og senda á sama netfang.

Til þess að tillaga frá hluthafa, sem leggja á fyrir fundinn, verði tekin þar til umræðu verður að skila tillögunni til stjórnar félagsins á netfangið investors@solidclouds.com í síðasta lagi fimm dögum fyrir fundinn.

Tillögur stjórnar Solid Clouds hf

fyrir hluthafafund 1. apríl 2026

1. Tillaga um samþykki björgunarfjármögnunar

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til að hluthafafundur samþykki eftirfarandi björgunarfjármögnun frá 1961 ehf., félagi í eigu stjórnarformanns félagsins:

1. Veðtryggt brúarlán að fjárhæð 30.000.000 kr., til bráðabirgðafjármögnunar vegna þröngrar lausafjárstöðu félagsins. Lánið er tímabundið (gjaldtagi 15. maí 2026) með 25% föstum ársvöxtum, allt nánar samkvæmt lánasamningi.
2. Útgáfu breytanlegra skuldabréfa í allt að þremur áföngum, samtals að fjárhæð allt að 400.000.000 kr., með þeim skilmálum sem nánar er lýst í áskriftarsamningi og í samræmi við tillögu 3 hér á eftir.
3. Veðsetningu hugverkaréttinda félagsins, þ.m.t. vörumerkja og hugbúnaðar, sem og veðsetningu á endurgreiðslukröfu félagsins á hendur Skattinum vegna frádráttar frá álögðum tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, til tryggingar skuldbindingum samkvæmt 1. og 2. tölul.

Þátttaka annarra fjárfesta

Í samræmi við jafnræði hluthafa er öðrum fjárfestum heimilt að taka þátt í björgunarfjármögnuninni á sömu kjörum og skilmálum og 1961 ehf. og að uppfylltum viðeigandi skilyrðum, þ.m.t. um lágmarksfjárhæð þátttöku. Þátttaka annarra fjárfesta skal vera hlutfallsleg, þannig að viðkomandi fjárfestir taki hlutdeild bæði í brúarláninu og í útgáfu breytanlegra skuldabréfa. Áhugasamir fjárfestar skulu lýsa yfir áhuga sínum fyrir klukkan 16:00 mánudaginn 30. mars 2026 frá dagsetningu þessa fundarboðs. Komi til þátttöku fleiri en eins fjárfestis munu aðilar gera með sér kröfuhafasamkomulag um innbyrðis réttindi sín og stöðu gagnvart félaginu, þ.m.t. um forgangsroð veðréttinda og ákvörðunartöku.

Sérfræðiskýrsla KPMG ehf. um sanngirni kjara björgunarfjármögnunarinnar, þ.m.t. mat á skilmálum í ljósi neyðarstöðu félagsins og þeirra valkosta sem stóðu til boða, fylgir fundargögnum.

Samþykki þessarar tillögu er háð samþykki tillagna 2 og 3 hér á eftir.

Eftirfarandi bókun er lögð til grundvallar:

„Hluthafafundur samþykkir að Solid Clouds hf. (i) undirriti lánssamnings við 1961 ehf., og ef til vill aðra fjárfesta, ii) samþykki útgáfu breytanlegra skuldabréfa í samræmi við tillögu 3 hér á eftir, iii) og að hluthafafundur samþykki veðsetningu hugverkaréttinda félagsins, þ.m.t. vörumerkja og hugbúnaðar, sem og veðsetningu á

endurgreiðslukröfu félagsins á hendur Skattinum vegna frádráttar frá álögðum tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, til tryggingar skuldbindingum samkvæmt i) og ii)“

Greinargerð: Tillagan er sett fram í samræmi við góða stjórnarhætti og til að tryggja fullt gagnsæi gagnvart hluthöfum. Með tillögunni fylgir sérfræðiskýrsla KPMG ehf. um sanngirni kjara björgunarfjármögnunarinnar. Tilefni björgunarfjármögnunarinnar er mjög þröng lausafjárstaða félagsins og sú staða að viðræður um fjármögnun, sem áður hafa verið kynntar í tilkynningum félagsins á Nasdaq First North Iceland, hafa ekki skilað fullnægjandi niðurstöðu innan þess tímaramma sem nauðsynlegur er til að tryggja áframhaldandi rekstur.

Brúarlánið er að hámarki að fjárhæð 30.000.000 kr., ætlað til rekstrarfjármögnunar, og er tímabundið (gjaldldagi 15. maí 2026) með 25% föstum ársvöxtum, allt nánar samkvæmt lánasamningi. Brúarlánið skal endurgreiða við útgáfu breytanlegs skuldabréfs í fyrsta af þremur áföngum (Áfanga 1), sbr. nánar í tillögu 3 hér að neðan og ákvæðum lánasamnings og áskriftarsamnings. Komi til þátttöku annarra fjárfesta skal hún uppfylla viðeigandi skilyrði, m.a. um lágmarkspáttöku, vera hlutfallsleg og þá verður gert kröfuhafasamkomulag um innbyrðis réttindi kröfuhafa og stöðu gagnvart félaginu.

2. Tillaga um að lækkun hlutafjár til jöfnunar taps

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til að hluthafafundur samþykki tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár félagsins til jöfnunar rekstartaps undanfarinna rekstrarára, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélag. Lækkunin felist í fækkun hluta félagsins án þess að nafnverð hvers hlutar breytist, þannig að heildarhlutafé félagsins lækki úr ISK 717.043.892 í ISK 143.408.778. Heildarfjárhæð lækkunarinnar skal ráðstafað til jöfnunar á uppsöfnuðu tapi félagsins.

Með þessari lækkun er markmiðið að laga heildarhlutafé félagsins að raunverulegri fjárhagsstöðu og skapa forsendur fyrir framtíðar fjármögnun félagsins, þar sem útgáfa nýrra hluta, þ.m.t. vegna mögulegra umbreytinga breytanlegra skuldabréfa, sbr. tillögu 3 hér á eftir, fari fram í samræmi við 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995 um að greiðsla hlutar megi ekki nema minna en nafnverði hans, en nafnverð hvers hlutar er áfram ein (1) króna.

Stjórn félagsins er heimilað að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. breytingar á samþykktum félagsins, til að framkvæma þessa hlutafjárlækkun og tilkynna hana til hlutafélagaskrár.

3. Tillaga um að félagið gefi út skuldabréf með breytirétti og heimild stjórnar til að hækka hlutafé til að mæta skuldbindingum samkvæmt breytanlegum skuldabréfum.

1. gr.

Útgáfa breytanlegra skuldabréfa

Með fyrirvara um samþykki hluthafafundar á tillögu um björgunarfjármögnun, sbr. 1. tillögu þessa hluthafafundar og tillögu um lækkun hlutafjár til jöfnunar taps, sbr. 2. tillögu þessa hluthafafundar, leggur stjórn Solid Clouds hf. til að hluthafafundur samþykki að félagið taki lán gegn útgáfu breytanlegra skuldabréfa í samræmi við VI. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, á grundvelli áskriftarsamnings við kröfuhafa („áskriftarsamningurinn“).

Tillagan er tilkomin vegna fyrirhugaðrar fjármögnunar félagsins. Tillagan mælir fyrir um að félagið geri áskriftarsamning og gefi út breytanleg skuldabréf til 1961 ehf., kt. 690224-0620, á grundvelli þeirra skilmála og kjörum sem fram koma í tillögu þessari og fundargögnum. Slíkur samningur fellur undir 95. gr. a laga nr. 2/1995, um hlutafélög og bindur eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar.

Tillagan mælir fyrir um að hluthafar falli frá forgangsrétti til áskriftar að nýjum hlutum og að stjórn sé heimilt að bjóða skuldabréfin félaginu 1961 ehf., kt. 690224-0620, með þeim skilmálum og kjörum og fram kemur í tillögu þessari og fundargögnum.

Tillaga þessi um samþykkt hluthafafundar á útgáfu breytanlegra skuldabréfa, afsal forgangsréttar hluthafa og bindandi gildi áskriftarsamningsins gagnvart kröfuhafa, sbr. 95. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög, er alfarið háð því að uppfyllt séu að fullu almenn frestskilyrði (General Conditions Precedent) þau sem kveðið er á um í áskriftarsamningnum auk sérstakra frestskilyrða fyrir hvern og einn áfanga. Í því felst meðal annars það ófrávíkjanlega skilyrði fyrir hverjum áfanga að lækkun hlutafjár félagsins hafi komið til lögformlegrar framkvæmdar, sbr. 2. tillögu þessa hluthafafundar, að hluthafafundur hafi samþykkt tillögu um björgunarfjármögnun, sbr. 1. tillögu stjórnar og að ekki séu yfirstandandi vanefndir við útgáfu. Komi til þess að framangreind frestskilyrði verði ekki uppfyllt í síðasta lagi á skilgreindum lokadegi (Long Stop Date) samkvæmt áskriftarsamningnum falla heimildir og samþykktir samkvæmt tillögu þessari sjálfkrafa úr gildi. Komi til þess að frestskilyrði fyrir hvern og einn áfanga verði ekki uppfyllt fyrir lokadag viðeigandi áfanga (tilgreindir hér að neðan) falla heimildir og samþykktir samkvæmt tillögu þessari sjálfkrafa úr gildi fyrir viðeigandi áfanga.

Skuldabréfin eru *gefin út í þremur áföngum*, samtals að höfuðstólsfjárhæð allt að 400.000.000 kr. sem veita eiganda skuldabréfanna rétt til þess að breyta höfuðstól sérhvers skuldabréfs, ásamt áföllnum vöxtum, í hluti í félaginu að tilteknum skilyrðum uppfylltum:

1. Áfangi 1 (Upphafsafangi):

- Höfuðstóll allt að 100.000.000 kr.
- Útgáfan er háð eftirfarandi skilyrðum:

- (a) að rannsóknar- og þróunarverkefni, sem félagið er eigandi að, hafi hlotið staðfestingu samkvæmt 5. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki á árinu 2026, og veiti félaginu rétt til sérstaks frádráttar frá álögðum tekjuskatti skv. 10. gr. sömu laga, að fjárhæð allt að 135.000.000 kr.;
 - (b) að allir lykilstjórnendur séu enn starfandi hjá félaginu í fullu starfi eða hafi gert ráðgjafar eða verksamning við félagið og vinnuframlag miðast við fullt starf; og
 - (c) að félagið nái að lágmarki 35% miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar (d30ROAS) fyrir apríl 2026, þar sem d30ROAS er reiknað sem tekjur af auglýsingaherferðum yfir 30 daga tímabil deilt með heildarkostnaði þeirra. Framangreint skilyrði er þó ekki uppfyllt ef raunverulegur auglýsingakostnaður fellur undir það lágmark sem tilgreind eru í auglýsingaáætlun félagsins.
- Lokafrestur (Long Stop Date): 15. júní 2026.
 - Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu um útgáfu (Drawdown Notice) til kröfuhafa þegar félagið telur sig hafa uppfyllt almenn og sérstök frestskilyrði áfanga 1, ásamt fylgigögnum sem sýna fram á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
 - Kröfuhafi hefur í framhaldinu tíu (10) virka daga til að yfirfara tilkynningu félagsins og ákvarða einhliða hvort frestskilyrði séu uppfyllt. Ef kröfuhafi metur svo að félagið hafi uppfyllt öll frestskilyrði, eða kröfuhafi fellur skriflega frá einhverju frestskilyrðanna, gefur kröfuhafi út staðfestingu þess efnis og nefnist sá dagur útgreiðsludagur (Drawdown Date).
 - Greiðsludagur (Payment Date): Innan tíu (10) virkra daga frá útgreiðsludegi (Drawdown Date).
 - Útgáfudagur: Innan þriggja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 1.
 - Uppfylli félagið ekki öll frestskilyrði er kröfuhafi heimilt að skrá sig fyrir hluta af áskriftarfjárhæð Áfanga 1. Skal kröfuhafi þá afhenda félaginu tilkynningu um nýtingu að hluta (partial Drawdown Notice). Aðilum er heimilt en aldrei skylt að semja um uppfærða útgáfuáætlun innan fimmtán (15) daga frá afhendingu tilkynningar um útgáfu að hluta, sem kveður á um tímasetningu og skilyrði fyrir frekari útgreiðslu undir Áfanga 1.
 - Breytigengi: 1 kr. á hlut.
 - Gjaldldagi: 30. nóvember 2027.

2. Áfangi 2 (Árangurstengdur áfangi):

- Höfuðstóll allt að 100.000.000 kr.
- Útgáfu skuldabréfa í Áfanga 2 er háð þeim skilyrðum að
 - (a) útgáfu skuldabréfa í Áfanga 1 hafi verið lokið,
 - (b) félagið nái að lágmarki 35% miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar (d30ROAS), þar sem d30ROAS er reiknað sem tekjur af auglýsingaherferðum yfir 30 daga tímabil deilt með heildarkostnaði þeirra, í tvo af þremur samfelldum almanaksmánuðum, innan 15 mánaða frá útgáfu fyrsta skuldabréfs í Áfanga 1. Framangreint skilyrði er þó ekki uppfyllt ef

raunverulegur auglýsingakostnaður fellur undir það lágmörk sem tilgreind eru í auglýsingaáætlun félagsins.

- (c) að rannsóknar- og þróunarverkefni, sem félagið er eigandi að, hafi hlotið staðfestingu samkvæmt 5. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki á árinu 2026 og veiti félaginu rétt til sérstaks frádráttar frá álögðum tekjuskatti skv. 10. gr. sömu laga, að fjárhæð allt að 135.000.000 kr. samkvæmt nánari skilmálum í áskriftarsamningi, og
 - (d) að allir lykilstjórnendur séu enn starfandi hjá félaginu í fullu starfi eða hafi gert ráðgjafar eða verksamning við félagið og vinnuframlag miðast við fullt starf.
- Lokafrestur (Long Stop Date): Sá dagur sem ber upp sextán (16) mánuðum eftir útgáfu breytanlegs skuldabréfs fyrir Áfanga 1.
 - Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu um útgáfu (Drawdown Notice) til kröfuhafa þegar félagið telur sig hafa uppfyllt almenn og sérstök frestskilyrði Áfanga 2, ásamt fylgigögnum sem sýna fram á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
 - Kröfuhafi hefur í framhaldinu tíu (10) virka daga til að yfirfara tilkynningu félagsins og ákvarða einhliða hvort frestskilyrði séu uppfyllt. Ef kröfuhafi metur svo að félagið hafi uppfyllt öll frestskilyrði, eða kröfuhafi fellur skriflega frá einhverju frestskilyrðanna, gefur kröfuhafi út staðfestingu þess efnis og nefnist sá dagur útgreiðsludagur (Drawdown Date).
 - Greiðsludagur (Payment Date): Innan tíu (10) virkra daga frá útgreiðsludegi (Drawdown Date).
 - Útgáfudagur: Innan þriggja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 2.
 - Uppfylli félagið ekki öll frestskilyrði er kröfuhafa heimilt að skrá sig fyrir hluta af áskriftarfjárhæð Áfanga 2. Skal kröfuhafi þá afhenda félaginu tilkynningu um nýtingu að hluta (partial Drawdown Notice). Aðilum er heimilt en aldrei skytt að semja um uppfærða útgáfuáætlun innan fimmtán (15) daga frá afhendingu tilkynningar um útgáfu að hluta, sem kveður á um tímasetningu og skilyrði fyrir frekari útgreiðslu undir Áfanga 2.
 - Breytigengi: 1 kr. á hlut.
 - Gjaldldagi: 30 nóvember 2027.

3. Áfangi 3 (Valkvæður áfangi):

- Höfuðstóll allt að 200.000.000 kr.
- Kröfuhafi sem undirgengst áskriftarsamninginn hefur valrétt (en ekki skyldu) til að taka þátt í Áfanga 3, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - Að útgáfu skuldabréfa í Áfanga 2 hafi verið lokið.
 - Að lágmarki 4 heilir almanaksmánuðir en ekki fleiri en 12 heilir almanaksmánuðir hafi liðið frá útgáfu skuldabréfa í Áfanga 2.
 - Að mánaðarlegar nettótekjur félagsins (brúttótekjur að fráðregnum þóknunum) hafi náð lágmarki 30.000.000 kr. fyrir a.m.k. einn almanaks mánuð.
 - Að miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar (d30ROAS) síðustu þriggja almanaks mánaða sé að lágmarki 35%.

- Lokafrestur (Long Stop Date): tólf (12) mánuðum eftir útgáfu breytanlegs skuldabréf samkvæmt áfanga 2.
- Kröfuhafi eignast valrétt (en ekki skyldu) til þess að kaupa skuldabréf sem gefin eru út í Áfanga 3, enda séu fyrrgreind skilyrði uppfyllt.
- Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu (Option Notice) til kröfuhafa sem staðfestingu á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
- Kröfuhafi hefur í framhaldinu fimmtán (15) daga til að ákveða hvort kröfuhafi vilji taka þátt í Áfanga 3.
- Greiðsludagur (Payment Date): Ekki síðar en tíu (10) dögum eftir að félagið móttækur tilkynningu frá kröfuhafa um að nýta sér rétt til að kaupa skuldabréf í Áfanga 3.
- Útgáfudagur: Innan þriggja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 3.
- Breytigengi: Markaðsgengi að frádregnum 35% afslætti, þó aldrei lægra en 1 kr. á hlut. Með markaðsgengi er átt við vegið meðalverð (VWAP) hlutabréfa félagsins á Nasdaq First North Growth Market Iceland síðustu 10 viðskiptadaga fyrir dagsetningu tilkynningar félagsins um virkjun valréttarins.
- Gjaldtagi: þremur 3¹ dögum eftir útgáfu skuldabréfs, eða þegar í stað við afhendingu tilkynningar um samtímis umbreytingu, sbr. skilgreiningu í áskriftarsamningi (*Simultaneous Conversion*).
- Útgáfa skuldabréfa í Áfanga 3 telst til „síðari fjármögnunar“ (Capital Raise Event) eins og hugtakið er skilgreint í áskriftarsamningi og skuldabréfunum. Við síðari fjármögnun er stjórn félagsins heimilt að krefjast þess af kröfuhöfum skuldabréfa að skuldunum samkvæmt útgefnum skuldabréfum verði breytt í hluti í félaginu, allt í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Stjórn félagsins hefur þannig einhliða heimild til að gera slíka kröfu, allt samkvæmt eigin mati og ákvörðun stjórnar. Stjórn er þannig ekki skylt að gera slíka kröfu.

2. gr.

Almennir skilmálar breytanlegra skuldabréfa

Tillagan kveður á um að breytanleg skuldabréf samkvæmt 1. gr. þessarar tillögu skuli bera 25% fasta ársvexti, og að félaginu sé ekki heimilt að greiða höfuðstól lánsins eða áfallna vexti fyrir gjalddaga, allt í samræmi við nánari skilmála skuldabréfanna.

Til tryggingar á skuldum samkvæmt skuldabréfum útgefnum í Áfanga 1 og 2 skal félagið (i) gefa út tryggingabréf tryggt með veði í hugverkum félagsins, (ii) veita kröfuhafa handveð í nánar tilgreindum innlánsreikningi félagsins og veita kröfuhafa veð í endurgreiðslukröfu félagsins á hendur Skattinum vegna frádráttar frá álögðum tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Réttindi kröfuhafa til umbreytingar, réttarstaða þeirra við tiltekin tilvik (þ.m.t. síðari fjármögnun (Capital Raise Event) og síðara atvik (Subsequent Event)), sem og heimild

félagsins til að krefjast breytiskyldu (Conversion Obligation), fara samkvæmt 3. gr. þessarar tillögu og skilmálum áskriftarsamnings og skuldabréfanna.

3. gr.

Réttarstaða kröfuhafa samkvæmt breytanlegum skuldabréfum við tiltekin tilvik

Tillagan kveður á um eftirfarandi réttarstöðu kröfuhafa samkvæmt breytanlegum skuldabréfum ef neðangreind tilvik eiga sér stað áður en kröfunni er breytt í hluti (sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 2/1995):

a) Hlutfjárhækkun (Capital Raise Event): Ef félagið hækkar hlutafé með útgáfu nýrra hluta, breytanlegra skuldabréfa, áskriftarréttindum eða stendur að annarri eiginfjárfjármögnun (Other Equity Financing) (önnur en breytanleg skuldabréf gefin út samkvæmt heimild í Áfanga 2 sem telst „Undanþegin síðari fjármögnun“), telst slíkt til „síðari fjármögnunar“ (*Capital Raise Event*) í skilningi skilmála skuldabréfanna. Við slíkt tilvik:

- Hefur kröfuhafi rétt til að breyta kröfu sinni í hlutafé á breytigengi samkvæmt skilmálum skuldabréfsins.
- Getur félagið valið að kalla á skyldubreytingu (e. *Conversion Obligation*) í samræmi við skilmála skuldabréfanna.

Útgáfa skuldabréfa með heimild í Áfanga 3 (Valkvæðs áfanga) telst „síðari fjármögnun“ (*Capital Raise Event*) og veitir stjórn félagsins heimild til að gera kröfu um skyldubreytingu skuldabréfa sem gefin eru út í Áfanga 1 og Áfanga 2.

b) Hlutfjárlækkun: Ef hlutafé félagsins er lækkað eftir útgáfu fyrsta skuldabréfsins í Áfanga 1 skal breytigengi skuldabréfanna aðlagast hlutfallslega, þannig að kröfuhafi fái sama hlutfall í félaginu og hann hefði fengið fyrir lækkun, nema annað sé sérstaklega tekið fram í skilmálum skuldabréfsins.

c) Slit félagsins, samruni, yfirtökuboð eða skipting (Subsequent Event): Ef félaginu er slitið, það sameinast öðru félagi, gert er opinbert yfirtökutilboð (valfrjálst eða skyldubundið) af hálfu þriðja aðila til allra hluthafa um kaup á hlutum þeirra í félaginu, því er skipt eða félagið selur eða ráðstafar með öðrum hætti allar eða verulegan hluta eigna sinna (*Subsequent Event*), hefur kröfuhafi samkvæmt útgefnu skuldabréfi rétt til að breyta kröfu sinni í hlutafé á breytigengi samkvæmt skilmálum skuldabréfsins, áður en slíkt tilvik tekur gildi. Félagið skal tilkynna kröfuhafa um slíkt tilvik með hæfilegum fyrirvara (að lágmarki 30 daga) til að gefa kröfuhafa tækifæri til að nýta breytirétt sinn.

d) Flýtiréttur kröfuhafa: Kröfuhafi getur, hvenær sem er fallið frá skilyrðum sem kunna að gilda um útgáfu breytanlegra skuldabréfa í tilteknum áfanga, einum eða fleiri, og greitt félaginu höfuðstól viðkomandi áfanga; við greiðslu skal félagið gefa út breytanlegt skuldabréf og reiknast vextir frá greiðsludegi.

e) Frjáls umbreyting: Kröfuhafi getur, hvenær sem er eftir útgáfu breytanlegs skuldabréfs (hvort sem það er í Áfanga 1, 2 eða 3), umbreytt kröfu sinni í hlutafé með skriflegri

tilkynningu, án þess að bíða eftir hlutafjárhækkun (Capital Raise Event), síðara atviki eða gjalddaga. Við nýtingu á flýtirétti kröfuhafa verður breytigengi vegna Áfanga 1 og Áfanga 2, 1 kr. á hlut en vegna Áfanga 3 65% af markaðsgengi að því tilskyldu að breytigengið sé aldrei lægra en 1. kr. á hlut.

f) Tilvísun í skilmála: Nánari ákvæði um réttarstöðu kröfuhafa við framangreind tilvik eru tilgreind í skilmálum skuldabréfanna og áskriftarsamningi milli félagsins og kröfuhafa.

4. gr.

Heimildir stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að hluthafafundur veiti stjórn heimild til að ákveða nánari skilmála útgáfunnar í samræmi við áskriftarsamning við kröfuhafa. Heimild þessi gildir til 31. desember 2028.

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til að hluthafafundur veiti stjórn heimild til að hækka hlutfé félagsins um allt að 500.000.000 hluti að nafnverði 1 kr. hver, í einu lagi eða hlutum, til að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt breytanlegum skuldabréfum útgefnum á grundvelli 1., 2. og 3. gr. hér að framan. Vikið er frá forgangsrétti hluthafa til áskriftar að nýjum hlutum, sbr. 3. mgr. 34. gr., sbr. 93. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Lagt er til að heimildin gildi til 31. desember 2028.

5. gr.

Breyting á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur til að samþykktum félagsins verði breytt og að ný ákvæði verði sett inn sem 4. – 12. mgr. 4. gr. samþykktanna (Ákvörðun hluthafafundar) sem skuli hljóma svo:

„Á hluthafafundi félagsins 1. apríl 2026 samþykktu hluthafar félagsins með vísan til VI. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, að félagið taki lán með útgáfu breytanlegra skuldabréfa, samtals að höfuðstólsfjárhæð allt að 400.000.000 kr., skipt í þrjá áfanga:

Áfangi 1 (Upphafsfang):

- Höfuðstóll allt að 100.000.000 kr.*
- Útgáfan er háð þeim skilyrðum að (i) hlutfé félagsins verði lækkað um 80%, sbr. 2. tillögu þessa hluthafafundar, (ii) ekkert vanefndartilvik hafi átt sér stað og er enn útistandandi eða að útgreiðsla leiði til vanefndar, (iii) að rannsóknar- og þróunarverkefni, sem félagið er eigandi að, hafi hlotið staðfestingu samkvæmt 5. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og veiti félaginu rétt til sérstaks frádráttar frá álögðum tekjuskatti skv. 10. gr. sömu laga, að fjárhæð allt að 135.000.000 kr, (iv) að allir lykilstjórnendur séu enn starfandi hjá félaginu í fullu starfi eða hafi gert ráðgjafar eða verksamning við félagið og vinnuframlag miðast við fullt starf; og (v) að félagið nái að*

lágmarki 35% miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar (d30ROAS) fyrir apríl 2026, þar sem d30ROAS er reiknað sem tekjur af auglýsingaherferðum yfir 30 daga tímabil deilt með heildarkostnaði þeirra Framangreint skilyrði er þó ekki uppfyllt ef raunverulegur auglýsingakostnaður fellur undir þau lágmörk sem tilgreind eru í auglýsingaáætlun félagsins

- Lokafrestur (Long Stop Date): 15. júní 2026.
- Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu um útgáfu (Drawdown Notice) til kröfuhafa þegar félagið telur sig hafa uppfyllt almenn og sérstök frestskilyrði Áfanga 1, ásamt fylgigögnum sem sýna fram á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
- Kröfuhafi hefur í framhaldinu tíu (10) virka daga til að yfirfara tilkynningu félagsins og ákvarða einhliða hvort frestskilyrði séu uppfyllt. Ef kröfuhafi metur svo að félagið hafi uppfyllt öll frestskilyrði, eða kröfuhafi fellur skriflega frá einhverju frestskilyrðanna, gefur kröfuhafi út staðfestingu þess efnis og nefnist sá dagur útgreiðsludagur (Drawdown Date).
- Greiðsludagur (Payment Date): Innan tíu (10) virkra daga frá útgreiðsludegi (Drawdown Date).
- Útgáfudagur: Innan þriggja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 1.
- Uppfylli félagið ekki öll frestskilyrði er kröfuhafa heimilt að skrá sig fyrir hluta af áskriftarfjárhæð Áfanga 1. Skal kröfuhafi þá afhenda félaginu tilkynningu nýtingu að hluta (Partial Drawdown Notice). Aðilum er heimilt en aldrei skylt að semja um uppfærða útgáfuáætlun innan fimmtán (15) daga frá afhendingu tilkynningar um útgáfu að hluta, sem kveður á um tímasetningu og skilyrði fyrir frekari útgreiðslu undir Áfanga 1. Breytingengi: 1 kr. á hlut.
- Gjaldldagi: 30. nóvember 2027.

Áfangi 2 (Árangurstengdur áfangi):

- Höfuðstóll allt að 100.000.000 kr.
- Heimild til útgáfu skuldabréfa er háð þeim skilyrðum að (i) ekkert vanefndartilvik hafi átt sér stað og er enn útistandandi eða að útgreiðsla leiði til vanefndar, (ii) að útgáfu skuldabréfa í Áfanga 1 hafi verið lokið, (iii) félagið nái að lágmarki 35% miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar (d30ROAS), þar sem d30ROAS er reiknað sem tekjur af auglýsingaherferðum yfir 30 daga tímabil deilt með heildarkostnaði þeirra, í tvo (2) af þremur samfelldum almanaksmánuðum, innan 15 mánaða frá útgáfu fyrsta skuldabréfs í Áfanga 1. Framangreint skilyrði er þó ekki uppfyllt ef raunverulegur auglýsingakostnaður fellur undir það lágmörk sem tilgreind eru í auglýsingaáætlun félagsins. (iv) rannsóknar- og þróunarverkefni, sem félagið er eigandi að, hafi hlotið staðfestingu samkvæmt 5. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki á árinu 2026, og veiti félaginu rétt til sérstaks frádráttar frá álögðum tekjuskatti skv. 10. gr. sömu laga, að fjárhæð allt að 135.000.000 kr., og (v) að allir lykilstjórnendur séu enn starfandi hjá félaginu í

fullu starfi eða hafi gert ráðgjafar eða verksamning við félagið og vinnuframlag miðast við fullt starf.

- Lokafrestur (Long Stop Date): Sá dagur sem ber upp sextán (16) mánuðum eftir útgáfu breytanlegs skuldabréfs fyrir Áfanga 1.
- Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu um útgáfu (Drawdown Notice) til kröfuhafa þegar félagið telur sig hafa uppfyllt almenn og sérstök frestskilyrði Áfanga 2, ásamt fylgigögnum sem sýna fram á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
- Kröfuhafi hefur í framhaldinu tíu (10) virka daga til að yfirfara tilkynningu félagsins og ákvarða einhliða hvort frestskilyrði séu uppfyllt. Ef kröfuhafi metur svo að félagið hafi uppfyllt öll frestskilyrði, eða kröfuhafi fellur skriflega frá einhverju frestskilyrðanna, gefur kröfuhafi út staðfestingu þess efnis og nefnist sá dagur útgreiðsludagur (Drawdown Date).
- Greiðsludagur (Payment Date): Innan tíu (10) virkra daga frá útgreiðsludegi (Drawdown Date).
- Útgáfudagur: Innan þriggja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá hverjum kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 2.
- Uppfylli félagið ekki öll frestskilyrði er kröfuhafa heimilt að skrá sig fyrir hluta af áskriftarfjárhæð áfanga 1. Skal kröfuhafi þá afhenda félaginu tilkynningu nýtingu að hluta (Partial Drawdown Notice). Aðilum er heimilt en aldrei skylt að semja um uppfærða útgáfuáætlun innan fimmtán (15) daga frá afhendingu tilkynningar um útgáfu að hluta, sem kveður á um tímasetningu og skilyrði fyrir frekari útgreiðslu undir Áfanga 2.
- Breytigengi: 1 kr. á hlut.
- Gjaldtagi: 30. nóvember 2027.

Áfangi 3 (Valkvæður áfangi):

- Höfuðstóll allt að 200.000.000 kr.
- Kröfuhafi sem undirgengst áskriftarsamninginn hefur valrétt (en ekki skyldu) til að taka þátt í Áfanga 3, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - Að ekkert vanefndartilvikhafi átt sér stað og er enn útistandandi eða að útgreiðsla leiði til vanefndar.
 - Að útgáfa skuldabréfa í Áfanga 2 hafi verið lokið.
 - Að lágmarki 4 heilir almanaksmánuðir en ekki fleiri en 12 heilir almanaksmánuðir hafi liðið frá útgáfu skuldabréfa í Áfanga 2.
 - Að mánaðarlegar nettótekjur félagsins (brúttótekjur að frádregnum þóknunum) hafi náð lágmarki 30.000.000 kr. fyrir a.m.k. einn almanaks mánuð.
 - Að miðgildi 30 daga arðsemi auglýsingakostnaðar (d30ROAS) síðustu þriggja almanaks mánaða sé að lágmarki 35%.
- Lokafrestur (Long Stop Date): tólf (12) mánuðum eftir útgáfu breytanlegs skuldabréfs samkvæmt áfanga 2.

- Kröfuhafi eignast valrétt (en ekki skyldu) til þess að taka þátt í Áfanga 3, enda séu fyrrgreind skilyrði uppfyllt.
- Félaginu er heimilt að afhenda tilkynningu (Option Notice) til kröfuhafa sem staðfestingu á að frestskilyrðin hafi verið uppfyllt.
- Kröfuhafi hefur í framhaldinu fimmtán (15) daga til að ákveða hvort kröfuhafi vilji taka þátt í áfanga 3.
- Greiðsludagur (Payment Date): Ekki síðar en tíu (10) dögum eftir að félagið móttækur tilkynningu frá kröfuhafa um að nýta sér rétt til að kaupa skuldabréf í Áfanga 3.
- Útgáfudagur: Innan þriggja (3) virkra daga frá móttöku félagsins á fullri greiðslu frá kröfuhafa fyrir skuldabréf í Áfanga 3.
- Breytigengi: Markaðsgengi að frádregnum 35% afslætti, þó aldrei lægra en 1 kr. á hlut. Með markaðsgengi er átt við vegið meðalverð (VWAP) hlutabréfa félagsins á Nasdaq First North Growth Market Iceland síðustu 10 viðskiptadaga fyrir dagsetningu tilkynningar félagsins um virkjun valréttarins.
- Kröfuhafi hefur 15 daga til að ákveða þátttöku frá tilkynningu félagsins og skulu greiða áskriftarfjárhæð samhliða.
- Gjaldldagi: þremur (3) dögum eftir útgáfu skuldabréfs, eða þegar í stað við afhendingu tilkynningar um samtímis umbreytingu (Simultaneous Conversion).
- Útgáfa skuldabréfa í Áfanga 3 telst til „síðari fjármögnunar“ (Capital Raise Event) eins og hugtakið er skilgreint í áskriftarsamningi og stjórn félagsins er þá heimilt að krefjast þess af kröfuhöfum skuldabréfa að skuldabréf, sem gefin hafa verið út í Áfanga 1 og Áfanga 2, verði breytt í hluti í félaginu, allt í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Stjórn félagsins hefur þannig einhliða heimild til að gera slíka kröfu, allt samkvæmt eigin mati og ákvörðun stjórnar. Stjórn er þannig ekki skylt að gera slíka kröfu.

Skuldabréfin skulu bera 25% fasta ársvexti. Kröfuhafi hefur rétt til að breyta kröfum sínum (höfuðstól og áföllnum vöxtum) í nýtt hlutafé félagsins við þau tilvik sem tilgreind eru í kaflanum „Réttarstaða kröfuhafa við tiltekin tilvik“ hér að neðan, þ.m.t. við síðari fjármögnun (Capital Raise Event), síðara atvik (Subsequent Event) og á eða fyrir gjaldldaga. Félagið getur einhliða krafist þess að kröfuhafar umbreyti kröfum sínum í hlutafé við síðari fjármögnun (Conversion Obligation), í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Félaginu er ekki heimilt að greiða höfuðstól lánsins eða áfallna vexti fyrirfram á lánstímanum.

Til viðbótar við þau skilyrði sem gilda um hverja útgáfu er er kröfuhafa heimilt að draga sig út úr viðkomandi hluta skuldbindinga sinna (Tranche Commitment) og/eða hafna þátttöku í Áfanga 3 (Tranche 3), með skriflegri tilkynningu til félagsins og án skaðabótaskyldu gagnvart félaginu, ef eitthvert eftirfarandi kemur til:

- **Verulegar skaðlegar afleiðingar (Material Adverse Effect):** Atburður, aðstæður eða skilyrði koma upp sem hafa verulegar skaðlegar afleiðingar í för með sér samkvæmt nánari skilgreiningu í áskriftarsamningi; eða
- **Hindrun eða veruleg skerðing á getu kröfuhafa til fjármögnunar:** Atburður, aðstæður eða skilyrði koma upp sem koma í veg fyrir eða veikja verulega getu kröfuhafa til þess að standa skil á greiðslum sínum vegna áskriftar að skuldabréfum undir viðkomandi hluta (þ.m.t. án takmarkana: ef kröfuhafi getur ekki tryggt sér fjármögnun frá þriðja aðila, óhagstæðar reglulegar/lögfræðilegar þróanir, eða verulegar neikvæðar breytingar á fjárhagsstöðu eða horfum félagsins).

Við afhendingu slíkrar tilkynningar falla skuldbindingar kröfuhafa vegna viðkomandi hluta eða áfanga (Tranche(s)) niður og eru þær þar með úr gildi fallnar, þó þannig að réttindi kröfuhafa samkvæmt þeim skuldabréfum sem þegar hafa verið gefin út og eru í gildi skerðast ekki.

Til tryggingar á skuldum samkvæmt skuldabréfum útgefnum í áföngum 1 og 2 skal félagið (i) gefa út tryggingabréf tryggt með veði í hugverkum félagsins, (ii) veita kröfuhafa handveð í nánar tilgreindum innlánsreikningi félagsins og veita kröfuhafa veð í endurgreiðslukröfu félagsins á hendur Skattinum vegna frádráttar frá álögðum tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Réttarstaða kröfuhafa við tiltekin tilvik

Í samræmi við 2. mgr. 47. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um réttarstöðu kröfuhafa samkvæmt breytanlegum skuldabréfum sem hér segir:

1. Hlutafjárhækkun, áskriftarréttindi, breytanleg skuldabréf eða önnur eiginfjárfjármögnun (Capital Raise Event): Ef félagið hækkar hlutafé með útgáfu nýrra hluta, breytanlegra skuldabréfa, áskriftarréttindum eða stendur að annarri eiginfjárfjármögnun (e. other equity financing) (önnur en Áfangi 2 sem telst „Undanþegin síðari fjármögnun“), hefur kröfuhafi rétt til að breyta kröfu sinni í hlutafé, og félagið getur valið að kalla á skyldubreytingu, í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Útgáfa Áfanga 3 telst til „síðari fjármögnunar“ (Capital Raise Event).
2. Hlutafjárlækkun: Ef hlutafé er lækkað eftir útgáfu fyrsta skuldabréfsins í Áfanga 1 skal breytigengi aðlagast hlutfallslega.
3. Slit, samruni, yfirtökuboð eða skipting (Subsequent Event): Ef félaginu er slitið, það sameinast öðru félagi, gert er opinbert yfirtökutilboð til allra hluthafa um kaup á hlutum þeirra í félaginu, eða félaginu er skipt, eða félagið selur eða ráðstafar með öðrum hætti allar eða verulegum hluta eigna sinna hefur kröfuhafi rétt til að breyta kröfu sinni samkvæmt útgefnu skuldabréfi í hlutafé áður en slíkt tilvik tekur gildi, að fengnum hæfilegum fyrirvara frá félaginu.
4. Flýtiréttur kröfuhafa: Kröfuhafi getur, hvenær sem er, fallið frá skilyrðum sem kunna að gilda um útgáfu breytanlegra skuldabréfa í tilteknum áfanga, einum eða fleiri, og greitt félaginu höfuðstól viðkomandi áfanga. Við greiðslu skal félagið gefa út breytanlegt skuldabréf og reiknast vextir frá greiðsludegi.

5. *Frjáls umbreyting (Voluntary Conversion): Kröfuhafi getur hvenær sem er eftir útgáfu breytanlegs skuldabréfs (í Áfanga 1, 2 eða 3) nýtt breytirétt sinn og breytt kröfu sinni í hlutafé á breytigengi samkvæmt skilmálum skuldabréfsins. Við nýtingu á flýtirétti kröfuhafa verður breytigengi vegna áfanga 1 og áfanga 2, 1 kr. á hlut en vegna áfanga 3, 65% af markaðsgengi að því tilskyldu að breytigengið sé aldrei lægra en 1. kr. á hlut.*
6. *Nánari ákvæði um réttarstöðu kröfuhafa eru tilgreind í skilmálum breytanlegu skuldabréfanna og áskriftarsamningi.*

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 500.000.000 hluti að nafnvirði þar sem hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. að nafnvirði, í einu lagi eða hlutum, með útgáfu nýrra hluta til að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt breytanlegum skuldabréfum útgefnum á grundvelli þessarar heimildar, þ.m.t. vegna áfallinna vaxta og umbreytingar á afslætti í Áfanga 3. Stjórn félagsins fyrir hönd félagsins og hluthafar afsala sér forgangsrétti til áskriftar á hlutum sem gefnir kunna að verða út vegna þessarar heimildar stjórnar en stjórn er heimilt að selja þá völdum fjárfestum. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá greiðsludegi. Hækkunarheimild skal gilda til 31. desember 2028 og fellur þá niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum gilda að öðru leyti um hina nýju hluti sem gefnir eru út á grundvelli þessarar heimildar. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum þessum í samræmi við ákvarðanir um hækkun hlutafjár á grundvelli þessarar heimildar.“

Greinargerð:

Tillagan er sett fram í samræmi við VI. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Lagt er til að samþykktum félagsins verði breytt og að ný ákvæði verði sett inn sem 4. – 12. mgr. 4. gr.

Með nýjum ákvæðum í samþykktum félagsins fá stjórn heimild hluthafafundar, í samræmi við VI. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að gefa út skuldabréf með breytirétti í þremur áföngum, samtals að höfuðstólsfjárhæð allt að 400.000.000 kr., sem veitir eigendum skuldabréfanna rétt til þess að breyta kröfum sínum samkvæmt skuldabréfunum á hendur félaginu í hluti í því, eins og nánar greinir í tillögu þessari.

Í ljósi þess að markaðsgengi hlutabréfa félagsins er umtalsvert lægra en nafnvirði þeirra (sem er 1 króna á hlut), og til að uppfylla skilyrði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, um að greiðsla fyrir hluti megi ekki nema minna en nafnvirði þeirra, er lagt til að hluthafafundur samþykki lækkun heildarhlutafjár til jöfnunar taps, sbr. fyrstu tillögu stjórnar. Þessi lækkun hlutafjár felst í fækkun hluta án þess að nafnvirði hvers hlutar breytist. Hún er forsenda þess að félagið geti gefið út breytanleg skuldabréf og síðar umbreytt þeim í hluti á genginu 1 krónu á hlut (í áfanga 1 og 2), sem er nafnvirði hvers hlutar, án þess að eiga á hættu að brjóta í bága við ákvæði hlutafélagalaga. Tillagan um útgáfu breytanlegra skuldabréfa er því háð því skilyrði að tillagan um lækkun hlutafjár verði samþykkt á þessum fundi.

Aðilar og hagsmunatengsl (95. gr. a laga nr. 2/1995): Björgunarfjármögnunin felur í sér viðskipti við 1961 ehf., eignarhaldsfélag í meðeigu Eggerts Árna Gíslasonar, stjórnarformanns Solid Clouds hf. Formaður stjórnar hefur vikið sæti við umfjöllun stjórnar um málið.

Félagið fellur undir undanþágu 6. tölul. 1. mgr. 95. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög vegna skráningar á markaðstorgi fjármálagerninga og þarf því ekki lögbundið samþykki hluthafafundar á grundvelli þess ákvæðis, en útgáfa breytanlegra skuldabréfa og heimild til hækkunar er háð samþykki hluthafafundar á grundvelli 47. gr. laganna. Engu að síður hefur stjórn félagsins, í samræmi við góða stjórnarhætti og til að tryggja fullt gagnsæi, ákveðið að afla sérfræðiskýrslu um sanngirni kjara björgunarfjármögnunarinnar og leggja hana fyrir hluthafafund.

Sérfræðiskýrsla KPMG ehf. fylgir fundargögnum og staðfestir að samræmi sé á milli verðmæta og endurgjalds.

Réttarstaða kröfuhafa við tiltekin tilvik (sbr. 2. mgr. 47. gr. laga um hlutafélög)

Í samræmi við 2. mgr. 47. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er skylt að kveða á um réttarstöðu kröfuhafa ef tiltekin tilvik eiga sér stað áður en kröfunni er breytt í hluti. Tillagan tekur á þessu með eftirfarandi hætti:

1. **Síðari fjármögnun (Capital Raise Event):** Ef félagið hækkar hlutafé með útgáfu nýrra hluta, breytanlegra skuldabréfa, áskriftarréttinda eða annarrar eiginfjárfjármögnunar (Other Equity Financing), telst slíkt til „síðari fjármögnunar“ (*Capital Raise Event*) í skilningi skilmála skuldabréfanna, nema um sé að ræða Áfanga 2 sem telst „Undanþegin síðari fjármögnun“ (*Permitted Follow-on Financing*). Við slíkt tilvik hefur kröfuhafi rétt til að breyta kröfu sinni í hlutafé, og félagið getur valið að kalla á skyldubreytingu (*Conversion Obligation*). Sérstaklega er rétt að taka fram að útgáfa Áfanga 3 (Valkvæðs áfanga) telst til „Síðari fjármögnunar“ og getur kallað á breytingu skuldabréfa útgefinna í Áfanga 1 og Áfanga 2.
2. **Hlutafjárlækkun:** Ef hlutafé félagsins er lækkað eftir útgáfu fyrsta skuldabréfsins í Áfanga 1 skal breytigengi skuldabréfanna aðlagast hlutfallslega til að vernda hagsmuni kröfuhafa.
3. **Slit félagsins, samruni, yfirtökutilboð eða skipting (Síðara atvik (Subsequent Event)):** Ef félaginu er slitið, það sameinast öðru félagi, gert er opinbert yfirtökutilboð til allra hluthafa um kaup á hlutum þeirra í félaginu, því er skipt eða félagið selur eða ráðstafar með öðrum hætti allar eða verulegan hluta eigna sinna hefur kröfuhafi rétt til að breyta kröfu sinni í hlutafé áður en slíkt tilvik tekur gildi. Félagið skal tilkynna kröfuhafa með hæfilegum fyrirvara.

Skyldubreyting (Conversion Obligation): Tillagan mælir fyrir um skyldu skuldabréfaeigenda til að þola kröfu félagsins um skyldubreytingu (*Conversion Obligation*) að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Sérstaklega er rétt að taka fram að þegar skilyrði fyrir útgáfu Áfanga 3 eru uppfyllt telst slík útgáfa vera „Síðari fjármögnun“ (*Capital Raise Event*) í skilningi skilmála skuldabréfanna. Stjórn félagsins getur þá tekið ákvörðun um að gera kröfu um að eigendur útgefinna skuldabréfa í Áfanga 1 og Áfanga 2, breyti kröfum sínum í hluti í félaginu. Um er að ræða einhliða heimild stjórnar til að gera slíka kröfu, allt samkvæmt eigin mati og ákvörðun stjórnar. Stjórn félagsins er þannig ekki skylt að gera slíka kröfu. Skuldabréfaeigandi gefur þar með eftir hluta af kröfuréttindum sínum sem kröfuhafi og handhafi skuldabréfs, að því marki sem félagið nýtir þennan rétt.

Frávik frá forgangsrétti: Tillagan mælir jafnframt fyrir um að hluthafar falli frá forgangsrétti til áskriftar að skuldabréfunum og þeim nýju hlutum sem gefnir verða út við nýtingu breytiréttar, sbr. 3. mgr. 34. gr., sbr. 93. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn er heimilt að bjóða skuldabréfin völdum fjárfestum með þeim skilmálum og kjörum sem fram koma í skilmálum skuldabréfanna og nánar í áskriftarsamningi.

Rökstuðningur fyrir fráviki frá forgangsrétti: Vikið er frá forgangsrétti hluthafa vegna þarfar fyrir skjóta og skilvirka fjármögnun fyrir félagið, til að lágmarka kostnað og í ljósi þess að ekki hefur tekist að fá fjármögnun inn í félagið með öðrum hætti en nú er gert. Frávik er ekki til þess fallið að mismuna hluthöfum á ótilhlýðilegan hátt.

Rökstuðningur fyrir breytigengi (1 kr. á hlut) – Áfangi 1 og 2: Breytigengi Áfanga 1 og 2 (1 kr. á hlut) er ákveðið á nafnverði í samræmi við 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995, sem bannar útgáfu hluta undir nafnverði. Þar sem markaðsgengi hlutabréfa félagsins er nú undir 1 kr. (u.þ.b. 0,33 m.v. 16.3.2026), er útgáfan háð m.a. því skilyrði að hlutafé félagsins verði lækkað um 80%, sbr. 2. tillögu stjórnar hér að framan.

Breytigengi Áfanga 3 (35% afsláttur frá markaðsgengi, lágmark 1 kr.) er umbun fyrir langtímaskuldbindingu fjárfestis. Ef markaðsgengi verður yfir ~1,54 kr. fá fjárfestar raunverulegan afslátt; annars gildir lágmarksgengið (1 kr.).

Heimild til hlutafjárhækkunar: Stjórn félagsins er veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að 500.000.000 hluti að nafnverði 1 kr. hver, í einu lagi eða hlutum, til að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt breytanlegum skuldabréfum útgefnum á grundvelli þessarar heimildar, þ.m.t. vegna áfallinna vaxta (25% fastir ársvextir) og umbreytingar á afslætti í Áfanga 3. Vikið er frá forgangsrétti hluthafa til áskriftar að nýjum hlutum.

Nánari skilmálar: Þá er stjórn falið að ákveða aðra skilmála skuldabréfsins, þ.m.t. fjárhæð (og lágmarksfjárhæð) hvers skuldabréfs, í samræmi við áskriftarsamning, enda sé heildarfjárhæð höfuðstóls skuldabréfanna ekki hærri en 400.000.000 kr. Nánari skilmálar útgáfu og áskriftar eru tilgreindir í áskriftarsamningi (e. *Subscription Agreement*) milli félagsins og kröfuhafa.

Réttindi nýrra hluta: Sömu ákvæði skulu gilda um nýja hluti varðandi heimild til sölu og veðsetningar og réttindi að öðru leyti eins og kveðið er á um í samþykktum félagsins.

Gildistími: Loks er lagt til að heimildin gildi til 31. desember 2028 en þá falli hún niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð, enda hafi hún ekki verið áður felld niður með ákvörðun hluthafafundar.

4. Tillaga stjórnar um að fella brott núverandi 4. – 9. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins

Stjórn félagsins leggur til að núverandi 4. – 9. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins verði felld út samþykktum félagsins, sbr. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 2/1995, enda eru tímamörk þeirra heimilda sem mælt er fyrir um í greininni til handa stjórn til að hækka hlutafé félagsins liðin.

Greinargerð: Stjórn félagsins leggur til að fella þessi ákvæði brott úr samþykktum félagsins. Kemur það til þar sem heimildin uppfyllir ekki ákvæði 41. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, auk þess sem nú er lagt til að stjórn muni fá nýjar heimildir til að hækka hlutafé, samþykki hluthafafundar þær tillögur sem eru á dagskrá fundarins í dag, sbr. tillögu 2 hér að framan.

Reykjavík, 25. mars 2026

f.h. stjórnar Solid Clouds hf.

Varaformaður